

**REGLUR****63**

31. ágúst

um

um aflífun húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar, svo og um meðferð á sauðfje og hrossum að ýmsu leyti.

Samkvæmt lögum nr. 31 frá 19. júní 1922, um breytingu á lögum um dýraverndun, 3. nóv. 1915, eru settar eftirfarandi reglur um aflífun húsdýra, slátrun búpenings, aftöku alifugla og um fuglaveiðar, svo og um meðferð á sauðfje og stórgripum að ýmsu leyti.

**1. gr.**

Þá er sauðfje, geitfje og stórgripum er slátrað, skal þess gætt, að ein skepnan horfi eigi á slátrun annarar, og að þær skepnur, sem til slátrunar eru leiddar, sjái ekki þær, sem slátrað hefir verið.

**2. gr.**

Enga skepnu má deyða með hálsskurði, mænustungu nje hjartastungu, hvorki til heimilisnota nje í slátrunarhúsum.

Stórgripi skal deyða með skotvopni, svo og hunda og ketti, en sauðfje og geitfje með skoti, eða rota með helgrímu, eða öðru þvítíku áhaldi.

Alifugla skal hálshöggva með beittri öxi, eða þar til gerðri vjel.

**3. gr.**

Eigi mega aðrir deyða en fulltíða menn og áreiðanlegir, er kunna að fara með þau áhöld, sem nefnd eru í 2. gr.

**4. gr.**

Þegar lundar eru teknir í holum, eða urðum, eða kofur, er bannað að brúka járnstingi eða járnkróka. Allir netjafuglar skulu deyddir þegar í stað svo fljótt og kvalalaust sem verða má.

Þar sem fugl er veiddur með bandingjum á fleka, skal þess vandlega gætt, að flekarnir liggi fyrir öruggum grunnfærum, svo að þá geti ekki slitið upp. Við þessa veiði skal gæta mannúðar.

**5. gr.**

Þá er skepnur eru fluttar til slátrunar, skal það gert með fullri nærgætni, svo að þeim líði svo vel sem unt er. Hross skulu járnúð er þau fara úr heimahögum til útflutnings, ef um nokkra verulega vegalengd er að ræða, en ójárnúð á skipsfjöl. Ef sauðkindur, geitur, kálfar, eða aðrar skepnur eru

**63** fluttar á vögnum eða bátum, skal hafa eitthvað sljett og mjúkt fyrir þær til 31. ágúst að liggja á, og binda skal fætur vægilega með mjúkum böndum, ef binda þarf.

6. gr.

Eigi má brúka hross, sem eru hölt, meidd, eða á annan hátt böguð, eða svo mögur, að þau hafa eigi fullan þrótt. Umhyggju og gott atlæti skal sýna öllum hrossum í brúkun.

7. gr.

Eigi má brúka vagnhross í stöðugri vinnu og dag eftir dag lengur en 10 stundir í sólarhring. Þau hross, sem eru brúkuð venjulegan vinnutíma alla virka daga vikunnar, má alls ekki brúka á helgidögum.

8. gr.

Eigi má leggja á hross þyngri byrðar, nje láta þau draga þyngra hlass en svo, að kröftum þeirra sje eigi ofboðið. Reiðhrossum skal og sýna vægð og nærgætni í allri brúkun.

9. gr.

Eigi má slá hross með járnkeyrum eða öðru slíku, og aldrei má slá þau í höfuð eða fætur, nje undir nára, og ekki hnýta skepnum í tagl þeirra. Skýla skal þeim brúkunarhrossum með ábreiðu, sem þurfa að standa úti í kulda og úrkomu.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 10 til 1000 kr.

11. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn reglum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Með reglum þessum eru úr gildi feldar Reglur frá 17. nóv. 1916, um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum og um meðferð á fje og hrossum að ýmsu leyti.

Reglur þessar öðlast þegar gildi, þó skal heimilt að deyða sauðfje til heimilisnota *þetta haust* á annan hátt, en reglurnar fyrirskipa, þar sem eigi hefir unnist tími til útvegunar á nauðsynlegum áhöldum.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. ágúst 1923.*

Sig. Eggerz.

\_\_\_\_\_  
Sigf. M. Johnsen.